

HUGMYNDIRNAR KVIKNA Í HOFI

Fyrirmyndaraðstaða fyrir fundi og ráðstefnur

HAGNÝTAR UPPLÝSINGAR FYRIR SKIPULEGGJENDUR

TAKTU NÆSTU SKREF MEÐ OKKUR

Fjölbreytt fundarými í Hofi

Staðsetning Hofs í miðbæ Akureyrar er afar aðlaðandi og eftirsóknaverð, göngufæri er í alla þjónustu og stutt á milli staða. Hof sem miðpunktur heldur vel utan um hóp fundargesta.

Akureyri er höfuðstaður Norðurlands og hefur upp á að bjóða fjölbreytta þjónustu og afþreyingu og ríkt menningarlíf.

Akureyrarflugvöllur þjónar bæði innanlands- og millilandaflugi og er einungis í 5 mínútna akstursfjarlægð frá Hofi.



í Hofi er framúrskarandi aðstaða til fundarhalda.

Starfsfólk Hofs býr yfir mikilli fagþekkingu þegar kemur að skipulagningu funda og ráðstefna í húsinu og býður upp á persónulega ráðgjöf og góða þjónustu til að tryggja vel heppnaðan viðburð.

Ekki hika við að hafa samband á netfangið mak@mak.is



HAMRABORG

Hamraborg er stærsti salur Hofs og er tilvalinn fyrir stærri fundi og ráðstefnur.

Salurinn er rúmgóður og fallegur með föstum sætum. Forsalur Hamraborgar, Naust, er tilvalinn fyrir móttökur í tengslum við ráðstefnur í salnum.



SALUR 275 MANNS
SALUR OG SVALIR 509 MANNS



STÆRD SALAR
700 m² - þar af svið 266 m²

Innifalið í salarleigunni:

Skjávarpi, tjalð, tölva, grunnlýsing, (6 stk tw1 og 7 Source4, 4 warpADB, 14 Robe Spider), púlt með hljóðnema og tæknimaður í sal á meðan viðburði stendur.

ATHUGIÐ: Ekki er hægt að nýta Hamraborg og Svarta kassann samtímis.



HAMRABORG SVARTI KASSINN

Svarti kassi Hamraborgar er fjölnota rými með ýmsa möguleika sem funda- og móttökusalur. Uppsetning salarins er klæðskerasniðin eftir þörfum viðskiptavinarins.



BÍÓUPPSTILLING
200 MANNS



SKÓLASTOFA
130 MANNS



HRINGBORD
140 MANNS



STANDANDI
250-300 MANNS



STÆRÐ SALAR
266 m²

Innifalið í salarleigunni:

Skjálvarpi, tjald, tölva, púlt með hljóðnema, uppröðun, frágangur og föst lýsing.

ATHUGIÐ: Ekki er hægt að nýta Hamraborg og Svarta kassann samtímis.

HAMRAR

Hamrar er ljós og fallegur salur sem býður upp á mikinn sveigjanleika og hentar vel fyrir allar gerðir funda. Hljóðvist salarins er stillanleg að óskum viðburða haldara hvort sem um tónlistarflutning eða talað mál er að ræða.



BÍÓUPPSTILLING
200 MANNS



SKÓLASTOFA
130 MANNS



HRINGBORÐ
160 MANNS



STANDANDI
250-300 MANNS



STÆRÐ SALAR
180,5 m²

Innifalið í salarleigunni:

Skjavarpi, tjald, tölva, púlt með hljóðnema, uppröðun og frágangur. Föst ljós (4 stk fresnel, 4 Source4 JR) í loftinu.



NAUST

Naust er forsalur við Hamraborg, aðalsal hússins. Salurinn er bjartur, hátt er til lofts og fallett útsýni fram Eyjafjörðinn. Salurinn tengist Hamragili og veitingastaðnum en mögulegt er að loka hann af. Naust má nýta með fjölbreyttum hætti. Hann er tilvalinn fyrir móttökur og veislur auk fundahalda og námskeiða sem sýningarsvæði.



BÍÓUPPSTILLING
150 MANNS



SKÓLASTOFA
110 MANNS



HRINGBORD
140 MANNS



STANDANDI
200-250 MANNS



STÆRÐ SALAR
208,5 m²

Innifalið í salarleigunni:

75" skjár, tölva, púlt með hljóðnema, uppröðun og frágangur.





DYNHEIMAR

Fundarsalurinn Dynheimar sem er á annarri hæð, býður upp á marga möguleika og hentar vel fyrir námskeiðahald, vinnusmiðjur eða minni fundi.



BÍÓUPPSTILLING
60 MANNS



SKÓLASTOFA
44 MANNS



STÆRD SALAR
82,5 m²

Innifalið í salarleigunni:

75" skjár, tölva, púlt með hljóðnema, uppröðun og frágangur.



LUNDUR

Fundarsalurinn Lundur er á annarri hæð og býður upp á marga möguleika. Hentar vel til námskeiðahalds eða minni funda.



BÍÓUPPSTILLING
45 MANNS



SKÓLASTOFA
28 MANNS



STÆRD SALAR
39,8 m²

Innifalið í salarleigunni:

75" skjár, tölva, púlt með hljóðnema, uppröðun og frágangur.

HAMRAGIL


Hamragil, í hjarta hússins, er gott og bjart rými með útsýni fram Eyjafjörðinn. Lofthæð rýmisins er mikil og hentar það því afar vel fyrir sýningar, móttökur og veislur. Möguleiki er að tengja Hamragil við salina Hamra og Naust auk þess sem veitingastaður hússins er staðsettur þar.



STANDANDI
300-350 MANNS



STÆRÐ SALAR
330 m²





SETBERG

Setberg er bjart fundarherbergi á annarri hæð með útsýni inn Hamragil og í norðurátt yfir bæinn.



10-16 MANNS



STÆRD RÝMIS
29,7 m²

Innifalið í salarleigunni:

85" skjár, tölva, hljóðkerfi, uppröðun og frágangur.



BÓT

Bót er fundarherbergi á annarri hæð sem er tilvalið fyrir minni fundi svo sem stjórnarfundir og starfsmannaviðtöl og fyrir skipuleggjendur ráðstefna og funda í húsinu.



10-16 MANNS



STÆRD RÝMIS
31 m²



ALMENNIR SKILMÁLAR OG REGLUR

Verðskrá má nálgast á
mak.is

Heilsdagsleiga er leiga í allt að
8 tíma á bilinu frá kl. 8–17.

Hálfsdagsleiga er leiga í allt að
4 tíma á bilinu frá kl. 8–17.

Innifalið í salarleigu er sýningartjald og skjávarpi eða skjár, púlt og hljóðnemi ásamt hljóðkerfi fyrir talað mál, uppröðun, föst lýsing, frágangur og þríf. Tækni- maður er til staðar í upphafi fundar.

Greiða þarf sérstaklega fyrir yfirsetu tæknimanns á fundum og ráðstefnum nema í Hamraborg þar sem hún er innifalin í salarleigu.

Menningarfélag Akureyrar áskilur sér rétt til þess að breyta verði án fyrirvara, þ.e. ef ytri aðstæður knýja á um verðbreytingar.

Fyrir hverja klukkustund umfram bókaðan tíma greiðist aukagjald við salarleigu samkvæmt verðskrá

Greiða þarf aukalega fyrir allan tæknibúnað umfram það sem innifalið er í salarleigu.

Starfsfólk Hofs sér um merkingar á sölum á viðburðardeggi eftir því sem við á, að því gefnu að leigutaki komi texta og auðkenni til verkefnastjóra á tölvutæku formi.

Starfsfólk Hofs veitir allar nánari upplýsingar og aðstoð við skipulagningu funda og ráðstefna í húsinu.

GREIÐSLUSKILMÁLAR

Hægt er að taka frá rými í 2 vikur til bráðabirgða. Að þeim tíma loknum ber leigutaka að greiða staðfestingargjald.

Staðfestingargjald er 30% af grunnleigu-verði og gengur uppí leigu.

Hafi staðfestingargjald ekki borist á tilskildum tíma lítur Menningarhúsið Hof svo á að bókunin sé afturkölluð og getur boðið öðrum dagana til afnota án viðvörunar til leigutaka.

Annar kostnaður vegna viðburðarins verður innheimtur eftir að viðburður hefur farið fram.

Greiðsluskilmálar: 14 dagar. Eftir það bætast vextir við upphæðina í samræmi við íslensk lög.

AFBÓKUN RÝMIS

Miðað er við daginn sem viðburðurinn er afbókaður og þann dag sem hann átti að eiga sér stað

91 dagur eða meira - full endurgreiðsla staðfestingargjalds

31-60 dagar í viðburð – 50% af grunnleigu (30% staðfestingargjald dregið frá)

30 dagar eða minna – 80% af grunnleigu (30% staðfestingargjald dregið frá)

ALLT UNDIR SAMA ÞAKI

Veitingaaðili framreiðir fundarveitingar, sér um hátíðarkvöldverði og allt þar á milli í góðu samstarfi við starfsfólk Hofs og skipuleggjendur viðburða í húsinu.

Starfsfólk Hofs tekur vel á móti öllum fyrirspurnum.





MENNINGARHÚSIÐ HOF

Strandgata 12 | 600 Akureyri
sími 450 1000 | mak@mak.is